

Nd.

8. Frumvarp til laga

um Landsbókasafn.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Landsbókasafnið er þjóðbókasafn Íslands.

2. gr.

Hlutverk Landsbókasafnsins er:

1. Að annast söfnun og varðveislu íslenskra rita og rita, er varða Ísland eða íslensk efni, fornra og nýrra, prentaðra og óprentaðra;
2. að halda uppi safni erlendra bókmennta í öllum greinum vísinda, lista, tækni og samtíðarmálefna;
3. að annast rannsóknir í íslenskri bókfræði;
4. að vinna að kynningu íslenskra bókmennta og íslenskrar menningar á erlendum vettvangi.

3. gr.

Landsbókasafn skal þaulsafna öllu prentuðu máli á íslensku eða því, sem Ísland og íslensk málefni varðar. Það skal varðveita ónotað eitt eintak af öllu íslensku prentmáli, sem kostur er á, og skal þeim eintökum fengin sérstaklega örugg geymsla.

4. gr.

Landsbókasafnið varðveitir handritasafn og skal vinna að söfnun íslenskra handrita og erlendra handrita, er varða íslensk efni, og greiða fyrir rannsókn þeirra og útgáfu. Það skal vinna að öflun eftirrita eða mynda af íslenskum handritum, sem erlendis eru, ef frumritin eru eigi fáanleg.

5. gr.

Landsbókasafn skal halda uppi rannsóknum í íslenskri bókfræði og gefa út skrár íslenskra bóka og handrita og önnur rit, er íslenska bókfræði varða, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

6. gr.

Landsbókasafn veitir viðtöku skyldueintökum frá íslenskum prentsmiðjum og annast ráðstöfun þeirra samkvæmt reglugerð.

Safnið skal reka miðstöð bókaskipta við erlend söfn og vísindastofnanir.

7. gr.

Landsbókasafn skal hafa samvinnu við Háskólabókasafn og sérfræðibókasöfn, sem ríkisstofnanir og félög eiga, um bókakaup og bókalan. Halda skal uppi sérstakri skráningarmiðstöð fyrir söfn þessi, og má fela Háskólabókasafni forstöðu hennar að fengnu samþykki háskólaráðs.

8. gr.

Forseti skipar landsbókavörð. Landsbókavörður stýrir safninu undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra skipar allt að 6 bókaverði, að fengnum tillögum landsbókavörðar.

9. gr.

Laun landsbókavörðar og bókavörða fara eftir launalögum.

10. gr.

Landsbókavörður ræður bókakaupum til safnsins, eftir því sem fé endist til. Háskólaráð skipar safninu ráðunauta um bókaval, svo marga og í þeim fræðigreinum, sem ástæða þykir til. Starf þeirra er ólaunað.

Landsbókavörður skal leita tillagna ráðunautanna um bókakaup til safnsins.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um stjórn og starfshætti safnsins, samvinnu þess við önnur bókasöfn og önnur atriði, er ástæða þykir til. Í reglugerð má ákveða viðurlög við brotum notenda á starfsreglum safnsins.

12. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 56 22. nóv. 1907, um stjórn landsbókasafnsins, og lög nr. 33 4. júní 1924, um sameiningu yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta var borið fram sem stjórnarfrv. á síðasta Alþingi, en hlaut eigi afgreiðslu. Fylgdu því svofelldar athugasemdir:

„Á s. l. hausti (1947) skipaði menntamálaráðuneytið bókasafnsnefnd með því verkefni að

1. gera tillögur til ráðuneytisins um, hvert vera skuli verksvið Landsbókasafns og Háskólabókasafns, hvors um sig;
2. endurskoða gildandi ákvæði um skyldueintök rita handa bókasöfnum;
3. gera tillögur um önnur atriði varðandi bókasöfn, er nefndinni virðist ástæða til.“

Í nefndina voru skipaðir þeir Björn Sigfússon, háskólabókavörður, Finnur Sigmundsson, landsbókavörður, Jakob Benediktsson, ritstjóri, Sigurður Nordal, prófessor, og Þorkell Jóhannesson, prófessor. Nefndin varð sammála um frv. þetta.

Frv. er ætlað að marka stefnuna í vísindalegum bókasafnsmálum þjóðarinnar. Landsbókasafnið er þjóðbókasafn Íslands, svo sem verið hefur. Háskólabókasafn og önnur sérsöfn eiga sérstökum hlutverkum að gegna og lýtur hvert sínum tilgangi og sinni stjórn, sem ekki er ástæða til að setja löggjöf um í þessu sambandi. En gert er ráð fyrir samvinnu safnanna með frjálsu samkomulagi og hafi Landsbókasafn forystu um þá samvinnu.

Hlutverk Landsbókasafns verður eins og áður fyrst og fremst varðveizla íslenskra rita, prentaðra og óprentaðra, og rita, er Ísland og íslensk efni varða. Jafnframt heldur safnið uppi almennum erlendum bókakosti, svo víðtækum sem tók eru á. Starfssvið safnsins og notkun verður eingöngu miðað við fræðimenn. Það getur ekki gegnt hlutverki almannabókasafns. Það hlutverk verður að ætla bæjar- og héraðsbókasöfnum og lestrarfélögum.

Fram til síðustu áratuga hefur Landsbókasafn verið hið eina vísindalega bókasafn þjóðarinnar. En nú hafa risið upp eða eru að rísa nokkur önnur vísindaleg bókasöfn. Stærst þeirra er Háskólabókasafn. En auk þess hafa ýmsar stofnanir efnt til bókasafna vegna starfsemi sinnar eða rannsókna, svo sem atvinnudeild háskólans, rannsóknastofa háskólans, náttúrugripasafnið o. fl. Hvert þessara safna er miðað við þarfir sinnar stofnunar og ætlað það hlutverk framvegis. En samvinna allra slíkra safna er eðlileg og nauðsynleg, og er Landsbókasafni ætlað að gangast fyrir henni.

Koma á upp skráningarmiðstöð safnanna. Er gert ráð fyrir því, að Háskólabókasafn annist hana, að fengnu samþykki háskólaráðs. Það er talið heppilegt fyrirkomulag, því að mörg sérsafnanna eru tengd háskólanum.

Með þeirri skráningarmiðstöð notast bókakostur safnanna að fullu, hvar sem bækurnar eru varðveittar. Menn geta gengið að skránni og fengið þar yfirlit um bókakost safnanna og gengið síðan að bókunum, þar sem þær eru.

Auk þess sem þetta fyrirkomulag tryggir hina fyllstu notkun bókakosts þess, sem til er, stuðlar það einnig að hagkvæmri meðferð þess fjár, sem til bókakaupa er varið, og kemur í veg fyrir óþörf kaup sama rits til tveggja bókasafna eða fleiri.

Gert er ráð fyrir því, að söfnin komi sér saman um nánara fyrirkomulag þessarar samvinnu, svo sem skráningu bókana, röðun þeirra og notkun og lán bókasafna á milli. En hvert safn, sem þátt tekur í þessari samvinnu, skuldbindur sig um leið til að hlíta þeim reglum, sem um hana verða settar.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að Landsbókasafn reki miðstöð bókaskipta við erlend söfn og vísindastofnanir. Til þeirrar starfsemi ver það fyrst og fremst skyldueintökum þeim, sem ekki þarf að ráðstafa innanlands. Má ætla, að safnið geti á þennan hátt aukið bókakost sinn að dýrmætum verkum á hagkvæman hátt. Að sjálfsögðu getur miðstöð bókaskiptanna einnig orðið sérsöfnunum til stuðnings á sama hátt. En auk þess má ætla, að íslenzkir útgefendur mundu vilja eiga samvinnu við slíka miðstöð og njóta hennar til þess að kynna bækur sínar erlendis.

Slík miðstöð bókaskipta ætti að verða mikilvæg til kynningar íslenzkra bókmennta og bókagerðar erlendis og tekur upp hlutverk, er hingað til hefur ekki verið unnið að á markvissan hátt.

Loks er Landsbókasafni fengið það hlutverk að annast rannsóknir í íslenzkri bókfræði og gefa út nauðsynlegar bókaskrár. Hlýtur það að teljast skylda þjóðbókasafnsins fremur en annarra, og er mjög brýn nauðsyn á, að það verk verði unnið skjótlega.“

Háskólaráð hefur látið ráðuneytinu í té umsögn um frv. þetta og frv. til laga um afhending skyldueintaka til bókasafna. Fer bréf háskólaráðs hér á eftir, svo og svar nefndarinnar, er frumvörpin samdi.

Fylgiskjal I.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 25. sept. 1948.

Háskólaráð hefur á fundi 24. þ. m. rætt tvö lagafrumvörp, er lögð voru fyrir Alþingi 1948, frumvarp til laga um Landsbókasafn og frumvarp til laga um afhending skyldueintaka til bókasafna. Háskólaráð samþykkti að gera eftirfarandi almennar athugasemdir við frumvörp þessi:

Fyrir Alþingi 1948 voru lögð tvö lagafrumvörp varðandi bókasöfn, frumvarp til laga um Landsbókasafn og frumvarp til laga um afhending skyldueintaka til bókasafna. Frumvörp þessi, er samin voru af nefnd, sem að nokkru leyti var skipuð að tilhlutun háskólaráðs, voru send háskólaráði til umsagnar og gat ráðið ekki léð því meðmæli sín að þau yrðu gerð að lögum. Skal hér gerð nokkur grein fyrir ástæðum þess.

Í skipunarbréfi nefndar þeirrar, er frumvörpin samdi, ákvað menntamálaráðuneytið að hlutverk hennar skyldi fyrst og fremst vera að gera tillögur um, hvert vera skuli verksvið Landsbókasafns og Háskólasafns hvors um sig. Háskólasafnið hefur hingað til fyrst og fremst verið vísindalegt bókasafn. Hefur það þegar eignast álitlegan stofn að bókasafni í þeim vísindagreinum, sem þar eru kenndar, einkum guðfræði, læknisfræði, lögfræði og íslenzkum fræðum, þótt enn vanti að sjálfsögðu mikið á, að sá bókakostur sé fullnægjandi. Í þremur hinum fyrstnefndu fræðigreinum er bókakostur Landsbókasafnsins mjög ófullkominn og ósamstæður og stendur

hann langt að baki bókakosti háskólabókasafnsins, enda mun Landsbókasafnið nú um langt árabíl mjög litlu fé hafa varið til kaupa á bókum í þessum fræðigreinum. Vísindaleg störf í þessum efnum eru að mestu tengd við háskólann, enda eru starfs-skilyrðin þar bezt og háskólanum verður það óhjákvæmileg nauðsyn að halda bóka-safni sínu í þessum greinum við og auka það á komandi árum. Í frv. til laga um Landsbókasafn, 1. gr. 2. tölul., er Landsbókasafni ætlað það hlutverk „að halda uppi safni erlendra bókmennta í öllum greinum vísinda“ og þá þar með einnig í nefndum vísindagreinum. Ef Landsbókasafn á að geta rækt þessa skyldu, þyrfti það fyrst og fremst að koma sér upp sæmilegum stofni þessara bókmennta og halda honum síðan við árlega og myndi slíkt vera fullkominn óþarfi því Háskólabókasafnið myndi verða að gera hið sama. Væri hér stofnað til tveggja bókasafna í sömu grein-um í stað þess, sem sjálfsagt sýnist, að fela Háskólabókasafninu einu þetta hlutverk og flytja í það það litla sem Landsbókasafn á nú af bókum í þessum greinum.

Annað atriði í frumvörpum þessum vildum við einnig benda á. Gert er ráð fyrir, að nokkru af skyldueintökum þeim, sem prentsmiðjurnar eiga að skila, skuli varið til bókaskipta við erlend bókasöfn. Er þetta vel ráðið og mætti verða að miklu gagni bæði til að auðga íslensk söfn að erlendum ritum og erlend að íslenskum, en það má vera oss áhugamál, að erlend bókasöfn eigi góð söfn íslenskra bóka. Þetta atriði, bókaskiptin, er algerlega lagt til Landsbókasafnsins. Hvergi er gert ráð fyrir að Háskólabókasafnið njóti neins góðs af þeim. Frá sjónarmiði háskólans er ekki önnur tilhöggun viðunandi í þessu máli, en að skyldueintökum þessum sé skipt milli safnanna og ráði hvort safnið sínum bókaskiptum.

Í 7. gr. frv. til laga um Landsbókasafn er rætt um skráningarmiðstöð og gert ráð fyrir, að Háskólabókasafni sé falin forstaða hennar, og er það hið eina verk, sem Háskólabókasafninu er ætlað sérstaklega í þessari löggjöf. Það má vel vera að háskólaráð myndi samþykkja það, að bókasafnið taki verk þetta að sér. Slík skráningarmiðstöð gæti orðið að miklu gagni. En talsverður kostnaður verður af henni, hver sem hefur hana með höndum og ef það kemur í hlut Háskólabókasafnsins, yrði óhjákvæmilegt að auka starfslið þess um a. m. k. einn mann. Það er galli á frv. til laga um Landsbókasafn, að þar er algerlega gengið fram hjá kostnaðarhlið þessa máls, hvergi á það minnst, hvaðan taka skuli það fé, sem til þess þarf, að þetta verk verði unnið.

Af framangreindum ástæðum teljum vér frumvörpum þessum svo áfátt, að ekki verði sagt, að með þeim fáiist viðunandi lausn á máli þessu, og getum því ekki mælt með því, að þau verði gerð að lögum óbreytt.

Alexander Jóhannesson.

Til menntamálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 3. október 1946.

Nefnd sú, sem skipuð var af menntamálaráðuneytinu 26. nóv. 1947, hefur kynnt sér athugasemdir þær við frv. til laga um Landsbókasafn og frv. til laga um afhending skyldueintaka til bókasafna, er horizt hafa menntamálaráðuneytinu frá háskóla-ráði, en ráðuneytið hefur sent nefndinni til umsagnar með bréfi dags. 27. sept. Skal nú vikið að athugasemdum þessum, hverri fyrir sig.

1. Sú var skoðun nefndarinnar, sem kemur fram í frv. til laga um Landsbóka-safn og þá einkum í 2. gr. frv., að Landsbókasafnið eigi að vera þjóðbókasafn og sé því ekki viðeigandi að setja því neinar takmarkanir með lögum. Hins vegar er augljóst, að ýmsar ríkisstofnanir hafa nokkurn bókakost, sumar allverulegan, og þurfa að hafa. Með ákvæðum um skráningarmiðstöð í 7. gr. frv. um Landsbókasafn er stefnt að því, að þessi bókakostur verði aðgengilegur öllum, sem á þurfa að halda

á hverjum tíma, samkvæmt þeim reglum, sem um það verða settar á hverjum stað. Þetta er að nefndarinnar dómi nauðsyn vegna þess, að fjárráð ríkisbókasafnsins og ríkisstofnana til kaupa á erlendum vísindaritum eru og hljóta að vera takmörkunum háð, svo að nauðsynlegt er að sjá svo til, að sem bezt og almennust not verði að þeim bókakosti, sem aflað er. Það mun ekki ofmælt, að þótt sérhver vísindastofnun, í hvaða grein sem er, verji eins miklu fé til bókaкупа í sinni grein og hún hefur frekast tök á og verji því vel, hljóti mikið að skorta á, að öllum þörfum sé fullnægt. Nefndin hefur hvorki séð fært að takmarka með lögum bókaкуп einstakra ríkisstofnana né skipta verkum með söfnunum á þann hátt, sem að er vikið í greinargerðinni frá háskólaráði. Verksvið Háskólabókasafns verður ekki ákveðið með lögum, nema bein ósk um það komi frá háskólanum sjálfum. Þótt nefndin viðurkenni þörf einstakra vísindastofnana á því að hafa nokkurn bókakost í sérgrein sinni, er henni ljóst, að fæstar þeirra hafa fjárráð eða húsrúm til að koma upp stórum og fullkomnum söfnum. Nefndin gerir ráð fyrir, að úr bókasöfnum einstakra stofnana hljóti af hagkvæmniástæðum (kostnaði, vörzlu, geymslurúmi o. fl.) sumt að hverfa inn í geymslur ríkisbókasafnsins jafnharðan og þarf að endurnýja þennan bókakost. Með líkum hætti er eðlilegt, að ýmis ritverk, er suerta sérgreinar í ýmsum fræðum og keypt eru af ríkisbókasafninu, verði um lengri eða skemmri tíma lánuð stofnunum, sem einkum þurfa á þeim verkum að halda. Þetta er fyrirkomulagsatriði, sem hlýtur að leiða af samstarfi því um bókaöflun og bókaaval, sem frv. stefnir að. Auk þessa telur nefndin þess háttar verkskiptingu með Háskólabókasafni og Landsbókasafni, sem að er vikið í bréfinu frá háskólaráði, lítt framkvæmanlega frá bókasafnssjónarmiði, enda mundi aldrei hafa orðið samkomulag um það í nefndinni, að Landsbókasafn afhenti bókakost sinn í þeim fræðum, sem tiltekin eru í bréfi háskólaráðs. Þess gerist ekki heldur þörf, því að bæði hefur Landsbókasafn jafnan léð greiðlega allar þær bækur, sem beðið hefur verið um til nota í Háskólabókasafni, og samkv. frv. nefndarinnar ætti sú samvinna að aukast og auðveldast eftir þeim leiðum, sem þar er vísað á. Í annan stað mundi slík skipting binda ríkinu þyngri bagga með starfsmannahaldi, en það hlyti m. a. að hafa í för með sér, að þeim mun meira af því fé, sem ríkið getur varið á hverjum tíma til bókasafna, gengi til annars en bókaкупа, og væri sú breyting því spor stigið aftur á bak, án þess að við hana ynnist nokkuð til gagnsmuna. Hins vegar mundi nánari samvinna þessara tveggja stofnana, Háskóla Íslands og Landsbókasafns, um bókaöflun og hagnýting bóka-kosts, svo sem hér er gert ráð fyrir, eflaust verða að mjög miklu gagni.

2. Misskilningur kemur fram í því, sem segir í greinargerð háskólaráðs um bóka-skipti við erlendar stofnanir og um skiptimiðstöð bóka. Að sjálfsögðu mun háskólinn hér eftir sem hingað til hafa öll þau bóka-skipti við háskóla, bóka-söfn og vísindastofnanir, sem honum býður við að horfa. Hins vegar er það sjálfsagt framkvæmdaratriði, að hin umrædda skiptimiðstöð sé á einum stað, en að sjálfsögðu mun Háskólabókasafn njóta góðs af þeirri bókaöflun, sem takast kann á vegum hennar, samkvæmt því, sem fyrr var sagt um samvinnu allra vísinda- og sérfræðistofnana og Landsbókasafns og Háskólabókasafns sér í lagi, en sú samvinna ætti að verða enn nánari vegna fyrirhugaðs fyrirkomulags með ráðunauta frá háskólanum við bókaaval Landsbókasafnsins.

3. Um kostnað, sem verða kann af því að starfrækja skráningarmiðstöð, er réttilega tekið fram í greinargerð háskólaráðs, að ekki kemur til greina að varpa honum á bak einum né neinum án þess, að greitt sé fyrir, og að sjálfsögðu hefur aldrei verið til þess ætlazt. Frv. nefndarinnar felur aðeins í sér heimild til að fela Háskólabókasafni þetta starf með samningi við háskólaráð, en því er í sjálfsvald sett að áskilja fulla greiðslu fyrir.

Að þessu athuguðu getur nefndin fyrir sitt leyti ekki fallizt á að gera neinar tillögur um breytingar á umræddum frumvörpum vegna bréfs háskólaráðs.

Að síðustu vill einn nefndarmanna, Björn Sigfússon háskólabókavörður, gera þessa viðbótargrein fyrir áliti sínu: Auk þess sem ég tel, að frumvörp nefndarinn-

ar miði að verulegum bótum nú þegar á bókakosti háskólakennara og vinni háskólanum hvergi nema gagn, og sé þess vegna samþykkur hinu framanritaða, virðist mér lögfesting þessara frv. stærsta skrefið, sem í bili sé hægt að taka til þeirrar sameiningar vísindalegu safnanna, sem er án efa eina framtíðarlausnin á þeim vandkvæðum, sem komið hafa háskólaráði til að óska þess, að Háskólabókasafn verði höfuðbókasafn landsins í guðfræði, lögfræði og læknisfræði. Alls þessa vegna teldi ég mjög illt að stöðva samþykkt frumvarpanna.

Sigurður Nordal. Þorkell Jóhannesson. Jakob Benediktsson.
Björn Sigfússon. Finnur Sigmundsson.

Til menntamálaráðuneytisins.